Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-12
105 Reykjavík

Reykjavík 3. september 2025
2025090041

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 10732025 í skipulagsgátt, Ármúli 38 – USK24060289. Byggingarleyfisumsókn.**

Vísað er til máls nr. 10732025 í skipulagsgátt, Ármúli 38 – USK24060289. Byggingarleyfisumsókn. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER vill benda á að skv. upplýsingum á ja.is er píanóskóli og tannsmiður í húsinu. Athuga þarf að hávaði getur borist frá slíkri starfsemi sé einangrun milli hæða ekki nóg. Þó starfsemi sé ekki á kvöldin eða nóttunni getur engu að síður verið ónæði fyrir íbúa vegna tækjabúnaðar eða hljóðfæraleiks. Huga þarf sérstaklega að hljóðeinangrun til að koma í veg fyrir slíka árekstra. Einnig þarf að hafa í huga að starfsemi getur breyst og meira ónæðissöm starfsemi komið í húsnæðið og því nauðsynlegt að búið sé að tryggja viðunandi hljóðvist í íbúðum. Erfiðara er að koma úrbótum við þegar búið er að innrétta íbúðir. Sé skrifstofum breytt í íbúðir mælir HER með því að skilyrt verði að svefnherbergi verði staðsett við bakhlið húsnæðis til að draga úr líkum á ónæði vegna umferðar.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001